

Ed.

793. Nefndarálit

[340. mál]

um frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það hefur lengi verið stefnumál Alþýðuflokksins að koma á staðgreiðslu opinberra gjalda samhliða einföldun álagningar allra skatta. Ágalli þessa frumvarps er fyrst og fremst sá að hér er aðeins fjallað um lítinn hluta skattheimtu. Enn er frestað afnámi tekjuskatts og auk þess er álitamál hvernig að innheimtu er staðið. En þar sem hér er fyrst og fremst um það skref að ræða til breytinga á innheimtu sem oft hefur verið lofað en enn aldrei staðið við mælir 3. minni hl. með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 9. mars 1987.

Stefán Benediktsson,
fundaskr.